



Kolbrún Lára Mýrdal

Fædd 12. júní 1963

Dáin 8. apríl 2024

Útför frá Garpsdalskirkju
sunnudaginn 21. apríl 2024

Forspil My hometown

Bruce Springsteen

Bæn



Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

*Amerískt þjóðlag
Pétur Þórarinnsson*

Ritningarlestur

Ég leit eina lilju í holti.
Hún lifði á steinum á mel.
Svo blíð og svo björt og svo auðmjúk.
En blettinn sinn prýddi hún vel.
Ég veit það er úti um engin
mörg önnur sem glitrar og skín.
Ég þræti' ekki' um litinn né ljómann.
En liljan í holtinu er mín.
;Þessi lilja' er mín lifandi trú
Hún er ljós mitt og von mín og yndi
þessi lilja' er mín lifandi trú;:

Og þó að í vindunum visni
á völlum og engjum hvert blóm,
og haustvindar blási um heiðar
með hörðum og deyðandi róm,
og veturinn komi með kulda
og klaka og hríðar og snjó,
hún lifir í hug mér sú lilja
og líf hennar veitir mér fró.


*Norskt lag
Þorsteinn Gíslason*

Guðspjall

Undir háu hamrabelti
höfði drúpir lítill rós,
þráir lífsins vængjaviddir,
vorsins yl og sólarljós.
Ég held ég skynji hug þinn allan,
hjartasláttinn rósin mín.
Er kristalstærir daggardropar
drjúpa milt á blöðin þín.

Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað.
Krjúpa niður kyssa blómíð
hversu dýrlegt fannst mér það.
Finna hjá þér ást og unað
yndislega rósin mín.
Eitt er það sem aldrei gleymist,
aldrei, það er minning þín.

*Friðrik Jónsson
Guðmundur Halldórsson*



Minningarorð

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylinn vindar leiða
draumalandið himin heiða
hlær og opnar skautið sitt

*voríð kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!
voríð kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!*

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin
mundu að það er stutt hver
stundin
stopult jarðneskt yndið þitt


voríð kemur...

Allt hið liðna er ljúft að geyma
láta sig í vöku dreyma
sólskinsdögum síst má gleyma
segðu engum mann hitt

voríð kemur...

*Valgeir Guðjónsson
Jóhannes úr Kötlum*

Bæn - Faðir vor



Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjógvun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.



Moldun

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' ég segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil



Séra Snævar Jón Andrjesson jarðsyngur

Organisti: Viðar Guðmundsson

Kór: Karlar úr kór Hólmavíkurkirkju

Útfararþjónusta Borgarfjarðar og Stranda

*Aðstandendur þakka innilega samúð og hlýhug
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar
í Tjarnarlundi að athöfn lokinni*

Jarðsett verður í Garpsdalskirkjugarði

Athöfninni verður útvarpað á FM 103,9